



## Afkoma Kaupþings banka hf. á árinu 2007

**Hagnaður eftir skatta 70,0 milljarðar króna**

- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta á árinu nam 70,0 mö.kr (85,3 ma.kr. árið 2006)
- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 9,6 mö.kr. (18,1 ma.kr. á sama tímabili 2006)
- ◆ Arðsemi eigin fjár á árinu var 23,5%
- ◆ Hagnaður á hlut á árinu var 95,2 kr. (127,1 kr. árið 2006). Hagnaður á hlut á fjórða ársfjórðungi var 13,4 kr. (26,1 kr. á sama tímabili 2006)
- ◆ Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi jukust um 60,3% á milli ára, námu 23,7 mö.kr.
- ◆ Hreinar þóknanatekjur á fjórða ársfjórðungi jukust um 19,0% á milli ára, námu 14,1 ma.kr.
- ◆ Gengistap í Fjárstýringu nam 11,6 mö.kr. á fjórða ársfjórðungi sem að mestu má rekja til lækkunar á gangvirði afleiðusamninga, skuldabréfaeigna og eignavarðra verðbréfa
- ◆ Heildareignir námu 5.347,3 milljörðum króna í lok ársins – jukust um 35,8% á föstu gengi á árinu, en um 31,9% í íslenskum krónum
- ◆ Innlán sem hlutfall af heildarútlánnum til viðskiptavina jukust verulega á árinu eða úr 29,6% í upphafi árs í 41,8% við lok árs
- ◆ Í ljósi þess óróleika sem er á fjármálamörkuðum hafa Kaupþing banki og seljendur NIBC tilkynnt að þeir hafi ákveðið að falla frá fyrirhugaðri yfirtöku Kaupþings á NIBC
- ◆ Stjórn bankans mun leggja til við aðalfund að hluthöfum verði greiddar 14.810 milljónir króna í arð vegna ársins 2007 eða 20 krónur á hlut, sem svarar til 21% af hagnaði.

**Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri**

"Árið 2007 var gott hjá Kaupþingi. Framan af ári gekk sérlega vel en viðsnúningur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum setti mark sitt á seinni hluta ársins. Arðsemi eigin fjár nam 23,5% sem verður að teljast vel viðunandi. Vel gengur í allri grunnstarfsemi bankans og hafa vaxtatekjur bankans aldrei verið hærra en nú á fjórða ársfjórðungi.

Óhagstætt rekstrarumhverfi leiðir til breyttra áherslna í rekstrinum og draga mun úr vexti efnahagsreiknings bankans. Áhersla stjórnenda er nú fyrst og fremst á að efla þóknanatekjur og ná fram hagræðingu í rekstrinum. Jafnframt er verið að breyta fjármögnun bankans með aukinni áherslu á innlán. Á fjórða ársfjórðungi var kynntur nýr innlánabanki á netinu, Kaupthing Edge en hann hefur þegar verið settur upp í fimm löndum. Það hefur meðal annars skilað sér í því að á síðustu fjórum mánuðum hafa tæplega 30 þúsund viðskiptavinir komið í innlánaviðskipti við bankann.

Kaupþing hefur gert samkomulag við J.C. Flowers um að hætta við kaupin á hollenska bankanum NIBC vegna óhagstæðra skilyrða á fjármálamörkuðum. Ekkert verður því af fyrirhuguðu hlutafjárútbóði. Þessi niðurstaða er vonbrigði fyrir stjórnendur bankans en um leið styrkir þessi ákvörðun lausafjárstöðu Kaupþings, sem er nú mjög góð."

**Lykiltölur**

Milljarðar ISK	Jan-des 2007	Jan-des 2006*	Breyting	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	Breyting	4. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	Breyting
Rekstrartekjur	165,8	141,1	18%	30,1	39,8	-24%	30,1	40,9	-26%
Rekstrarkostnaður	78,7	60,0	31%	22,7	19,3	17%	22,7	18,8	20%
Hagnaður hluthafa	70,0	63,9	10%	9,8	14,4	-32%	9,8	18,1	-46%
Kostnaðarhlutfall	47,5%	42,5%		75,2%	48,6%		75,2%	46,1%	
Hagnaður á hlut, ISK	95,2	94,9	0%	13,4	19,6	-32%	13,4	26,1	-49%
Arðsemi eigin fjár	23,5%	31,3%		12,3%	19,0%		12,3%	28,9%	

\*Án hagnaðar vegna Exista að teknu tilliti til skattáhrifa

## Rekstrarreikningur

<i>Milljónir króna</i>	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	23.739	20.259	19.849	16.265	14.806	12.687
Hreinar þóknatekjur	14.122	13.374	15.189	12.337	11.866	7.632
Gengishagnaður	-12.429	2.634	10.772	13.456	12.003	37.256
Aðrar tekjur	4.699	3.553	5.996	2.002	2.241	2.210
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>30.132</b>	<b>39.820</b>	<b>51.807</b>	<b>44.059</b>	<b>40.915</b>	<b>59.785</b>
Laun og launatengd gjöld	-13.359	-10.921	-11.833	-10.534	-10.572	-7.315
Annar rekstrarkostnaður	-9.299	-8.428	-7.184	-7.173	-8.274	-6.488
<b>Heildargjöld</b>	<b>-22.658</b>	<b>-19.348</b>	<b>-19.017</b>	<b>-17.707</b>	<b>-18.846</b>	<b>-13.803</b>
Virðisrýmun	-1.959	-1.723	-1.075	-1.423	-1.637	-2.820
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>5.515</b>	<b>18.748</b>	<b>31.715</b>	<b>24.929</b>	<b>20.433</b>	<b>43.163</b>
Tekjuskattur	4.135	-3.962	-5.653	-4.236	-1.793	-7.630
<b>Hagnaður</b>	<b>9.650</b>	<b>14.786</b>	<b>26.062</b>	<b>20.694</b>	<b>18.640</b>	<b>35.533</b>
Hagnaður hluthafa	9.850	14.406	25.484	20.281	18.077	35.393
Hlutdeild minnihluta	-200	380	578	413	564	140
Hagnaður á hlut	13,4	19,6	35,2	27,4	26,1	53,4

## Efnahagsreikningur

<i>Milljarðar króna</i>	31.12.07	31.12.06		31.12.07	31.12.06
Sjóður og innst. í Seðlabanka	98	107	Skuldir við lánastofnanir	339	110
Kröfur á lánastofnanir	588	485	Innlán	1.381	751
Útlán til viðskiptamanna	3.304	2.539	Veltufjárskuldir á gangverði	218	71
Skuldabréf og aðrar vaxtab. eignir	367	318	Lántaka	2.616	2.400
Hlutabréf og eignir m/breytil. tekju	161	159	Víkjandi lán	267	216
Afleiður	135	65	Skattskuld	22	23
Afleiðusamn. v/áhættuvarna	23	6	Aðrar skuldir	147	149
Verðbréf á móti samningum	160	116	Hlutdeild minnihluta	11	11
Fjárf. í hlutdeildarfélagum	84	5	Eigið fé hluthafa	346	324
Óefnislegar eignir	67	68			
Fjárfestingaeignir	28	32			
Rekstrarfjármunir	33	30			
Skatteign	7	6			
Aðrar eignir	293	118			
<b>Eignir samtals</b>	<b>5.347</b>	<b>4.055</b>	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>5.347</b>	<b>4.055</b>

## Afkomusvið - yfirlit

Árið 2007

<i>Milljónir króna</i>	Markaðs- viðskipti	Fyrirtækja- ráðgjöf	Fjárfstýring	Bankasvið	Eignastýring og Einka- bankabj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	2.436	-3.027	22.759	60.664	1.183	-3.902	80.113
Hreinar þóknatekjur	20.957	13.715	-707	6.668	13.801	587	55.021
Gengishagnaður	9.069	14.724	-17.793	393	310	7.730	14.433
Aðrar tekjur	225	223	91	6.539	164	9.009	16.251
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>32.686</b>	<b>25.634</b>	<b>4.350</b>	<b>74.264</b>	<b>15.459</b>	<b>13.424</b>	<b>165.818</b>
Gjöld	-11.562	-5.573	-3.988	-19.149	-7.947	-30.511	-78.731
Virðisrýmun	1	-24	33	-6.161	0	-28	-6.180
<b>Heildargjöld</b>	<b>-11.561</b>	<b>-5.598</b>	<b>-3.955</b>	<b>-25.311</b>	<b>-7.947</b>	<b>-30.540</b>	<b>-84.910</b>
<b>Framlegð</b>	<b>21.125</b>	<b>20.037</b>	<b>395</b>	<b>48.954</b>	<b>7.512</b>	<b>-17.116</b>	<b>80.907</b>
Útdeildur kostnaður	-4.186	-1.595	-2.244	-9.858	-4.125	22.008	0
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>16.939</b>	<b>18.442</b>	<b>-1.848</b>	<b>39.096</b>	<b>3.386</b>	<b>4.893</b>	<b>80.907</b>

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

## Rekstrarreikningur

### Áhrif styrkingar íslensku krónunnar á uppgjör bankans

Starfrækslugjaldmiðill Kaupplings banka hf. (Kaupplings) er íslensk króna. Á árinu 2007 styrktist íslenska krónan um 7,1%. Styrking krónunnar dregur því úr raunverulegum vexti tekna og gjalda, sem og eigna og skulda á árinu.

### Hagnaður

Hagnaður Kaupplings á árinu 2007 fyrir tekjuskatt nam 80.907 m.kr. samanborið við 101.083 m.kr. hagnað árið 2006. Hagnaður hluthafa á árinu 2007 nam 70.021 m.kr. samanborið við 85.302 m.kr. hagnað árið 2006, sem er 17,9% samdráttur. Helsta skýring þess að hagnaður dregst saman á milli ára er 21,4 ma.kr. einsskiptis hagnaður að teknu tilliti til skattáhrifa vegna eignarhluta bankans í Exista sem var bókaður á þriðja ársfjórðungi 2006 en án hans hefði hagnaður aukist um 9,6% miðað við árið 2006. Hagnaður á hlut á árinu var 95,2 krónur samanborið við 127,1 krónur á árinu 2006 en þar af nam hagnaður á hlut vegna Exista 32,3 kr.

Hagnaður Kaupplings á fjórða ársfjórðungi 2007 fyrir tekjuskatt nam 5.515 m.kr. samanborið við 20.433 m.kr. hagnað á fjórða ársfjórðungi 2006. Hagnaður hluthafa á fjórða ársfjórðungi nam 9.850 m.kr. samanborið við 18.077 m.kr hagnað á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Hagnaður minnihluta var neikvæður á fjórða ársfjórðungi um 200 m.kr. vegna neikvæðrar afkomu Norvestia, dótturfélags bankans í Finnlandi. Hagnaður á hlut á fjórða ársfjórðungi 2007 var 13,4 kr. samanborið við 26,1 kr. á fjórða ársfjórðungi 2006.

### Tekjur

Rekstrartekjur á árinu 2007 námu samtals 165.818 m.kr. og drógust saman um 0,8% miðað við árið 2006. Sé tekið tillit til tekna vegna sölu á eignarhlut bankans í Exista að upphæð 26,1 ma.kr. þá hefði aukning rekstrartekna á árinu 2007 verið 17,5%. Rekstrartekjur á fjórða ársfjórðungi 2007 námu samtals 30.132 m.kr. og drógust saman um 26,4% miðað við fjórða ársfjórðung árið 2006.

Hreinar vaxtatekjur á árinu námu 80.113 m.kr. og jukust um 53,0% miðað við árið 2006. Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi 2007 námu 23.739 m.kr. og jukust um 60,3% miðað við sama tímabil 2006. Þessi aukning skýrist einkum af vaxandi útlánasafni, auknu lausafé, verðbólgu á Íslandi á árinu og af hærri vaxtamun hjá bankanum sem myndast meðal annars með auknum innlánunum.

*Vaxtaálag*, eða vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna, var 1,92% á árinu 2007, samanborið við 1,70% á árinu 2006. Eftirfarandi tafla sýnir hreinar vaxtatekjur skiptar niður eftir landsvæðum:

<i>Milljónir króna</i>	Jan-des 2007	Jan-des 2006	Breyting	<i>Milljónir króna</i>	4. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	Breyting
Ísland	26.747	16.592	61%	Ísland	8.157	4.588	78%
Skandinavía	21.092	17.311	22%	Skandinavía	5.475	5.066	8%
Bretland	23.759	12.098	96%	Bretland	8.126	3.228	152%
Lúxemborg	6.706	4.884	37%	Lúxemborg	1.636	1.434	14%
Önnur lönd	1.810	1.477	22%	Önnur lönd	345	490	-30%
<b>Samtals</b>	<b>80.113</b>	<b>52.362</b>	<b>53%</b>	<b>Samtals</b>	<b>23.739</b>	<b>14.806</b>	<b>60%</b>

*Vaxtamunur*, reiknaðir meðaltalsvextir vaxtaberandi eigna að frádregnum meðaltalsvöxtum vaxtaberandi skulda var 2,01% á árinu 2007, borið saman við 1,73% á árinu 2006.

*Hreinar þóknatekjur* á árinu 2007 námu samtals 55.021 m.kr. og jukust um 47,6% frá fyrra ári. Hreinar þóknatekjur á fjórða ársfjórðungi 2007 námu samtals 14.122 m.kr. og jukust um 19,0% miðað við fjórða ársfjórðung 2006. Mikil fjölgun starfsmanna sem hafa áhrif á þóknanamyndun bankans og aukin umsvif hjá bankanum á öllum markaðssvæðum skýrir þessa aukningu. Aukninguna á fjórða ársfjórðungi má einna helst rekja til hárra þóknatekna í Markaðsviðskiptum bankans einkum á Íslandi og í Skandinavíu. Eftirfarandi tafla sýnir hreinar þóknatekjur skiptar niður eftir landsvæðum:

<i>Milljónir króna</i>	Jan-des 2007	Jan-des 2006	Breyting	<i>Milljónir króna</i>	4. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	Breyting
Ísland	22.241	14.724	51%	Ísland	6.131	4.370	40%
Skandinavía	9.319	5.935	57%	Skandinavía	2.931	1.852	58%
Bretland	16.270	10.543	54%	Bretland	3.849	3.973	-3%
Lúxemborg	6.115	4.356	40%	Lúxemborg	1.038	1.425	-27%
Önnur lönd	1.077	1.727	-38%	Önnur lönd	173	246	-30%
<b>Samtals</b>	<b>55.021</b>	<b>37.284</b>	<b>48%</b>	<b>Samtals</b>	<b>14.122</b>	<b>11.866</b>	<b>19%</b>

Hlutfall grunntekna bankans, það er, hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknatekjur, hefur vaxið sem hlutfall af rekstrartekjum bankans og nam hlutfallið 81,5% á árinu 2007 samanborið við 53,6% á árinu 2006. Á fjórða ársfjórðungi 2007 námu grunntekjurnar 37.861 m.kr. og jukust þær um 42,0% miðað við fjórða ársfjórðung 2006.

*Gengishagnaður* á árinu, sem felur í sér tekjur vegna arðgreiðslna, hagnað vegna eigna eða skulda sem metnar eru á gangvirði og gengishagnað af gjaldmiðlum, nam 14.433 m.kr. og lækkar um 45.723 m.kr. miðað við árið í fyrra. Hins vegar dróst gengishagnaður saman um 57,6% á milli ára ef einsskiptis hagnaður vegna Exista er dreginn frá. Gengistap var á fjórða ársfjórðungi 2007 og nam það 12.429 m.kr. samanborið við 12.003 m.kr. gengishagnað á fjórða ársfjórðungi 2006. Helstu ástæður gengistaps eru lækkun á gangvirði afleiða og skuldabréfa í eigu bankans og tap hjá Eigin viðskiptum bankans en nokkur hluti af skráðri hlutabréfaeign bankans er í skráðum fjármálafyrirtækjum á Norðurlöndum, en veruleg lækkun varð á þeim á fjórðungnum. Arðgreiðslur til bankans má einkum rekja til hlutfjáreignar bankans í íslenskum og skandinavískum fyrirtækjum. Gengishagnaður sem flokkast undir Jöfnunarfærslur og önnur svið nam 7.730 m.kr á árinu og er einna helst vegna stöðutöku í gjaldmiðlum umfram fjárfestingar í dótturfélögum. Gengishagnaður/tap greinist á eftirfarandi landsvæði:

<b>Janúar - desember 2007</b>	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Hagnaður (tap) af skuldabréfum á gangvirði	-6.342	-1.128	341	10	0	<b>-7.119</b>
Hagnaður (tap) af hlutabréfum á gangvirði	10.080	3.468	7.084	-618	-71	<b>19.941</b>
Hagnaður (tap) af afleiðusamn. og gjaldeyrisjöfnuði	-5.287	-97	-49	944	0	<b>-4.489</b>
Hagnaður af áhættuvarnasamningum	0	448	-6	0	0	<b>443</b>
<b>Samtals</b>	<b>-1.550</b>	<b>2.691</b>	<b>7.370</b>	<b>336</b>	<b>-72</b>	<b>8.776</b>
Arðstekjur	1.995	3.581	41	34	6	<b>5.657</b>
<b>Gengishagnaður (tap) samtals</b>	<b>446</b>	<b>6.272</b>	<b>7.411</b>	<b>369</b>	<b>-66</b>	<b>14.433</b>

<b>4. ársfjórðungur 2007</b>	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Hagnaður (tap) af skuldabréfum á gangvirði	-5.527	-463	247	51	0	<b>-5.692</b>
Hagnaður (tap) af hlutabréfum á gangvirði	2.139	-2.033	-4.355	-593	3	<b>-4.838</b>
Hagnaður (tap) af afleiðusamn. og gjaldeyrisjöfnuði	-1.896	-127	-6	2	0	<b>-2.028</b>
Hagnaður (tap) af áhættuvarnasamningum	0	118	-8	0	0	<b>111</b>
<b>Samtals</b>	<b>-5.284</b>	<b>-2.504</b>	<b>-4.121</b>	<b>-541</b>	<b>3</b>	<b>-12.447</b>
Arðstekjur	-2	21	-2	0	2	<b>19</b>
<b>Gengishagnaður (tap) samtals</b>	<b>-5.286</b>	<b>-2.483</b>	<b>-4.124</b>	<b>-541</b>	<b>4</b>	<b>-12.429</b>

*Aðrar tekjur* námu 16.251 m.kr. á árinu 2007 og lækka lítillega milli ára. Til annarra tekna telst hagnaður bankans af sölu á dótturfélaginu Eik fasteignafélag hf. í byrjun apríl 2007 sem nam 4.262 m.kr. fyrir tekjuskatt en árið 2006 bókaðist einnig hagnaður af sölu bankans á öllum eignarhlut sínum í VÍS að fjárhæð 7.421 m.kr. Að auki teljast hagnaður hlutdeildarféлага að fjárhæð 3.459 m.kr. og tekjur af rekstrarleigusamningum hjá Kaupthing Singer & Friedlander að fjárhæð 4.748 m.kr. á meðal annarra tekna. Hagnaður hlutdeildarféлага hækkar frá sama tíma í fyrra einkum vegna hlutdeildar bankans í hagnaði Storebrand.

## Gjöld

Rekstrarkostnaður á árinu nam 78.731 m.kr. og jókst um 31,2% miðað við árið 2006. Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi 2007 nam 22.658 m.kr. og hækkaði um 20,2% miðað við fjórða ársfjórðung 2006. Hækkunin milli ára skýrist einkum af umtalsverðri fjölgun starfsmanna bankans, eða um 22,6% á árinu og almennrar aukningar í umsvifum hans. Hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum á fjórða ársfjórðungi 2007 var 75,2% og hækkar miðað við fjórða ársfjórðung 2006 þegar það var 46,1%. Kostnaðarhlutfall á árinu var 47,5% sem er undir 50% markmiði bankans.

*Launakostnaður* bankans á árinu nam 46.647 m.kr. og jókst um 39,0% miðað við árið 2006. *Launakostnaður* bankans á fjórða ársfjórðungi 2007 nam 13.359 m.kr. og jókst um 26,4% miðað við fjórða ársfjórðung 2006. Hækkun *launakostnaðar* á milli ára skýrist einkum af mikilli fjölgun starfsmanna og breyttri samsetningu þeirra en starfsmönnum sem áhrif hafa á þóknanamyndun bankans hefur markvisst verið fjölgað síðustu ársfjórðunga. Mesta fjölgun starfsmanna var í Lúxemborg, Bretlandi og á Íslandi. Í lok ársins voru alls 3.334 stöðuigildi hjá samstæðunni samanborið við 2.719 í byrjun árs. Starfsmönnum bankans fjölgaði því um 615 á árinu eða sem nemur 22,6%.

Annar rekstrarkostnaður nam 32.084 m.kr á árinu 2007 og jókst um 5.647 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur 21,4%. Annar rekstrarkostnaður nam 9.299 m.kr á fjórða ársfjórðungi og jókst um 1.025 m.kr. miðað við fjórða ársfjórðung 2006 eða 12,4%. Almenn aukning umsvifa hjá flestum starfsstöðvum bankans skýrir að mestu aukningu annars rekstrarkostnaðar.

*Virðisrýrnun útlána* nam 6.098 m.kr. á árinu samanborið við 4.857 m.kr. á árinu 2006 og er það hækkun um 25,6%. Aukning virðisrýrnunar má rekja til þess að útlánasafn bankans hefur vaxið um 30,2% á árinu 2007.

*Gjaldfærður tekjuskattur* á árinu 2007 var 9.716 m.kr., sem jafngildir 12,0% af hagnaði fyrir tekjuskatt, en var 14.636 m.kr. árið 2006, eða 14,5% af hagnaði fyrir tekjuskatt. Hlutfall tekjuskatts var óvenju lágt á árinu vegna tekjufærslu á fjórða ársfjórðungi í tengslum við fjárfestingar í dótturfélögum.

## Efnahagsreikningur

### Eignir

Heildareignir bankans 31. desember 2007 námu 5.347,3 mö.kr. og jukust um 1.291,9 ma.kr. á árinu eða um 31,9%. Aukning heildareigna bankans, að frádregnum áhrifum af 7,1% styrkingu krónunnar á árinu var 35,8%.

Útlán til viðskiptamanna jukust úr 2.538,6 mö.kr. í 3.304,4 ma.kr. eða um 30,2% á árinu (35,7% á föstu gjaldmiðlagengi). Almenn aukning hefur verið í útlánunum á flestum markaðssvæðum bankans. Kröfur á lánastofnanir fóru úr 485,3 mö.kr. í 588,4 ma.kr. á árinu sem er hækkun um 21,2% en 24,9% hækkun á föstu gjaldmiðlagengi. Íbúðalán á Íslandi námu í lok ársins 4,8% af útlánunum til viðskiptavina eða alls 158,2 mö.kr. Meðal veðsetningarhlutfall íbúðalána bankans nam 56% í lok ársins.

Yfirtöku- og fjármögnunarútlánasafn bankans (e. Acquisition and leveraged finance portfolio) hækkaði úr 512,4 mö.kr. í 541,3 ma.kr. eða um 5,6% á árinu og nam í lok ársins 16% af útlánunum til viðskiptamanna bankans. Í framangreindu útlánasafni eru alls 154 lán og nema 5 stærstu lánin um 25% af safninu. Bankinn ber enga sölutryggingaráhættu í tengslum við yfirtöku- og fjármögnunarsafn sitt. Sífellt stærri hluti yfirtöku- og fjármögnunarlánasafns bankans kemur til vegna fyrirtækjaverkefna sem bankinn kemur beint að eða vinnur að í samvinnu við aðrar fjármálastofnanir. Af heildarlánunum í þessu útlánasafni voru 79% veitt í tengslum við fyrirtækjaverkefni sem bankinn tók þátt í, einn eða með öðrum.

*Fjáreignir* alls námu 845,5 mö.kr. þann 31. desember 2007 og jukust um 180,3 ma.kr. á árinu eða um 27,1%. Að teknu tilliti til styrkingar krónunnar jukust þær um 28,9% á árinu. Skuldabréf og aðrar vaxtaberandi eignir námu 367,4 mö.kr. þann 31. desember og jukust um 15,4% á árinu. Stöður í hlutabréfum og öðrum eignum með breytanlegum tekjum námu 160,8 mö.kr. þann 31. desember. Afleiðusamningar námu 134,9 mö.kr. þann 31. desember og jukust um 69,4 ma.kr. á árinu og má það einna helst rekja til aukinna viðskipta með skiptasamninga (e. contract for difference) í Bretlandi. Auk þess á bankinn hlutabréf að virði 91,9 ma.kr. sem gerðir hafa verið afleiðusamningar á móti. Bankinn ber ekki markaðsáhættu af 7,2 mö.kr. vegna hlutdeildar minnihluta eigenda í Norvestia, dótturfélagi bankans í Finnlandi. Skráð hlutabréf voru 67,2 ma.kr. eða um 1,3% af heildareignum bankans 31. desember. Þar af eru 16,8 ma.kr. vegna hlutabréfa sem skráð eru í OMX Norrænu kauphöllinni á Íslandi, eða 25% af heildinni.

Óskráð hlutabréf námu 87,1 mö.kr. eða um 1,6% af heildareignum bankans þann 31. desember samanborið við 0,9% í byrjun ársins. Fimm stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum námu um 50% af verðmæti óskráðra hlutabréfa.

Kaupthing hefur stofnað sérstakan sjóð, *Kaupthing Capital Partners II*, sem mun halda utan um fjárfestingar bankans í óskráðum hlutabréfum. Þær eignir bankans í óskráðum hlutabréfum sem bankinn átti upphafi ársins 2007, verða ekki færðar inn í sjóðinn *Kaupthing Capital Partners II*.

Stefna Kaupplings er að eign bankans í skráðum og óskráðum hlutabréfum (hlutabréf og hlutabréfasjóðir) sé innan við 35% af eiginfjárgrunni bankans. Þann 31. desember nam hlutfallið 34,1%. Þar af var hlutfall skráðra hlutabréfa 15,8% og óskráðra hlutabréfa 18,3% af eiginfjárgrunni.

Aðrar eignir námu 292,7 mö.kr. þann 31. desember 2007 og hækkuðu um 148,3% á árinu. Skýrist hækkunin einkum af hærri fjárhæð í óupppgerðum viðskiptum.

### Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir námu 339,1 ma.kr. þann 31. desember 2007 og jukust um 228,6 ma.kr. á árinu, eða 207,0%.

Innlán námu 1.381,5 mö.kr. 31. desember 2007 og jukust um 630,8 ma.kr. á árinu eða sem nemur 84,0%. Aukning innlána, að frádregnum áhrifum af 7,1% styrkingu krónunnar á árinu, nam 88,5%. Á fjórða ársfjórðungi jukust innlán um 14,1%. Innlán námu samtals 25,8% af eignum bankans þann 31. desember, samanborið við 18,5% í ársbyrjun. Innlán sem hlutfall af útlánnum til viðskiptamanna námu 41,8% í lok ársins samanborið við 29,6% í upphafi ársins.

Lántökur námu 2.616,0 mö.kr. 31. desember, samanborið við 2.399,9 ma.kr. við upphaf árs og nam aukningin 216,0 mö.kr. á árinu eða sem nemur 9,0%. Lántökur, að frádregnum áhrifum af 7,1% styrkingu krónunnar á árinu jukust hins vegar um 14,5%.

Eigið fé hluthafa var 345,6 ma.kr. þann 31. desember 2007 samanborið við 323,5 ma.kr. í byrjun ársins og hefur því aukist um 22,1 ma.kr. eða 6,8%. 7,1% styrking krónunnar á árinu dregur úr hækkun eigin fjár bankans á árinu. Þá hefur 10,3 ma.kr. arðgreiðsla bankans (14 kr. á hlut) í lok mars jafnframt áhrif. Þann 14. maí 2007 náði eignarhlutur bankans í norska fjármála- og tryggingarfélaginu Storebrand 20% og frá þeim degi var félagið meðhöndlað sem hlutdeildarfélag í reikningssskilum bankans. Þessi breyting leiddi til 5,1 ma.kr. lækkunar á eigin fé í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla (IFRS).

Frá árinu 2005 hefur bankinn ekki varið að fullu fjárfestingar í erlendum dótturfélögum gagnvart gengi krónunnar og þar með verið með misvægi í gengisjöfnuði. Misvægið leiðir til þess að ofangreind 7,1% styrking krónunnar á árinu færist til lækkunar á sérstakan eiginfjárreikning meðal eiginfjár í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla (IFRS).

Eiginfjárgrunnur bankans nam 486,1 mö.kr. þann 31. desember 2007. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum var 11,8% þann 31. desember samanborið við 15,0% í ársbyrjun. Eiginfjárpáttur A (e. Tier I) var 9,6% en var 10,5% í ársbyrjun. Markmið stjórnenda bankans er að eiginfjárpáttur A sé yfir 8,0% og eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum sé yfir 11,0%.

Þann 31. desember var útgefið hlutafé bankans 7.404.530.530 krónur að nafnvirði sem skiptist í 740.453.053 hluti. Hluthafar bankans þann 31. desember voru samtals 32.264. Stærstu hluthafar bankans eru Exista sem á 23,3% og Kjalur með 9,9% hlut.

### Arðgreiðslur

Stefna Kaupplings banka er að greiða árlega út 10–30% af hagnaði eftir skatta í arð. Fjárhæð arðs fer eftir gildandi takmörkunum um arðgreiðslur samkvæmt íslenskum lögum og eftir öðrum aðstæðum hverju sinni að mati stjórnar. Stjórn Kaupplings banka mun leggja til við aðalfund 14.810 m.kr. arðgreiðslu til hluthafa vegna ársins 2007 eða 20 krónur á hlut, sem svarar til 21% af hagnaði ársins 2007.

## Niðurstaða afkomusviða Kaupþings

Kaupþing skiptir rekstri sínum í fimm afkomusvið auk stoðsviða. Afkomusviðin eru: Bankasvið, Markaðsviðskipti, Fjárstýring, Fyrirtækjaráðgjöf og Eignastýring og einkabankþjónusta.

Á fjórða ársfjórðungi var hagnaður fyrir tekjuskatt hjá þremur afkomusviðum bankans en tap á tveimur. Mesti hagnaðurinn fyrir tekjuskatt á ársfjórðungnum var hjá Bankasviði en hann nam 10.121 m.kr. Fyrirtækjaráðgjöf var með 848 m.kr. hagnað og Eignastýring og einkabankþjónusta var með 951 m.kr. hagnaður. Markaðsviðskipti var með 4.124 m.kr. tap og jafnframt var tap hjá Fjárstýringu að fjárhæð 5.343 m.kr. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu afkomusviða á fjórða ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna - 4. ársfj. 2007</i>	Bankasvið	Markaðs- viðskipti	Fjárstýring	Fyrirtækja- ráðgjöf	Eignastýring og Einka- bankþj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	15.897	1.600	7.946	-327	263	-1.640	23.739
Hreinar þóknatekjur	2.037	5.778	-225	2.268	4.067	197	14.122
Gengishagnaður	217	-6.920	-11.650	1.362	40	4.521	-12.429
Aðrar tekjur	1.616	140	-51	22	76	2.897	4.699
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>19.768</b>	<b>598</b>	<b>-3.980</b>	<b>3.325</b>	<b>4.445</b>	<b>5.975</b>	<b>30.132</b>
Rekstrargjöld	-5.314	-3.749	-841	-2.080	-2.345	-8.329	-22.658
Virðisrýrnun	-2.012	0	33	-24	0	45	-1.959
<b>Heildargjöld</b>	<b>-7.325</b>	<b>-3.749</b>	<b>-808</b>	<b>-2.105</b>	<b>-2.345</b>	<b>-8.285</b>	<b>-24.617</b>
<b>Framlegð</b>	<b>12.442</b>	<b>-3.151</b>	<b>-4.788</b>	<b>1.221</b>	<b>2.100</b>	<b>-2.310</b>	<b>5.515</b>
Útdeildur kostnaður	-2.322	-974	-555	-372	-1.149	5.372	0
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>10.121</b>	<b>-4.124</b>	<b>-5.343</b>	<b>848</b>	<b>951</b>	<b>3.063</b>	<b>5.515</b>

### Bankasvið

Bankasvið veitir einstaklingum almenna bankþjónustu einkum á Íslandi og einnig í Noregi og Svíþjóð. Jafnframt veitir sviðið meðalstórum og stærri fyrirtækjum þjónustu sem jafnan felst í ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun, einkum í Danmörku, Bretlandi, Svíþjóð og á Íslandi.

Hagnaður Bankasviðs fyrir tekjuskatt nam 10.121 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2007. Rekstrartekjur Bankasviðs námu 19.768 m.kr. og jukust um 3,0% miðað við þriðja ársfjórðung 2007. Hreinar þóknatekjur sviðsins jukust um 11,0% frá þriðja ársfjórðungi og hafa þær aldrei verið hærrí á einum ársfjórðungi. Heildargjöld námu 7.325 m.kr. og aukast þau um 15,9% frá þriðja ársfjórðungi 2007. Skýring aukningarinnar er einkum aukin virðisrýrnun útlána sem nam 2.012 m.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 1.643 m.kr. á þriðja ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4. ársfj. 2007</b>	<b>3. ársfj. 2007</b>	<b>2. ársfj. 2007</b>	<b>1. ársfj. 2007</b>	<b>4. ársfj. 2006</b>
Hreinar vaxtatekjur	15.897	15.653	15.691	13.423	12.471
Hreinar þóknatekjur	2.037	1.835	1.538	1.257	1.662
Gengishagnaður	217	-40	122	94	320
Aðrar tekjur	1.616	1.747	1.620	1.555	1.712
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>19.768</b>	<b>19.195</b>	<b>18.972</b>	<b>16.329</b>	<b>16.165</b>
Rekstrargjöld	-5.314	-4.676	-4.779	-4.380	-4.602
Virðisrýrnun	-2.012	-1.643	-1.082	-1.425	-1.621
<b>Heildargjöld</b>	<b>-7.325</b>	<b>-6.319</b>	<b>-5.861</b>	<b>-5.805</b>	<b>-6.223</b>
<b>Framlegð</b>	<b>12.442</b>	<b>12.876</b>	<b>13.111</b>	<b>10.524</b>	<b>9.942</b>
Útdeildur kostnaður	-2.322	-2.830	-2.299	-2.407	-2.963
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>10.121</b>	<b>10.046</b>	<b>10.812</b>	<b>8.117</b>	<b>6.979</b>

### Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti og Eigin viðskipti bankans eru gerð upp sameiginlega undir heitinu Markaðsviðskipti. Markaðsviðskipti miðla verðbréfum fyrir viðskiptavinum bankans. Eigin viðskipti stunda viðskipti fyrir eigin reikning bankans á öllum helstu mörkuðum, auk þess að sinna viðskiptavakt með hlutabréf og skuldabréf.

Tap Markaðsviðskipta fyrir tekjuskatt nam 4.124 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2007 og er það töluverð verri afkoma en á þriðja ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 598 m.kr. og lækkuðu um 4.148 m.kr. frá þriðja ársfjórðungi. Hefur þar 6.920 m.kr. gengistap mest áhrif samanborið við 452 m.kr. gengistap á þriðja fjórðungi. Gengistapið skýrist að mestu af stöðum bankans í norrænum hlutabréfum sem eru að hluta í norrænum fjármálafyrirtækjum. Þóknunatekjur í ársfjórðungnum námu 5.778 m.kr. og eru það næst hæstu þóknunatekjur sviðsins í einum ársfjórðungi. Háar þóknunatekjur skýrast einkum af auknum umsvifum bankans í Bretlandi, Danmörku, Lúxemborg og á Íslandi. Hreinar vaxtatekjur námu 1.600 m.kr. á ársfjórðungnum. Hreinar vaxtatekjur í Markaðsviðskiptum eru einkum af skuldabréfaeignum og afleiðusamningum í gjaldeyris- og afleiðumiðlun og aukningu vaxtatekna milli fjórðunga má rekja til meiri umsvifa í þeim viðskiptum ásamt aukinni verðbólgu. Rekstrargjöld námu 3.749 m.kr. og jukust um 44,4% á milli ársfjórðunga vegna árangurstengdra launagreiðslna tengdum auknum þóknunatekjum á fjórðungnum.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4. ársfj. 2007</b>	<b>3. ársfj. 2007</b>	<b>2. ársfj. 2007</b>	<b>1. ársfj. 2007</b>	<b>4. ársfj. 2006</b>
Hreinar vaxtatekjur	1.600	876	524	-564	-286
Hreinar þóknunatekjur	5.778	4.336	6.717	4.126	2.807
Gengishagnaður	-6.920	-452	6.663	9.778	4.407
Aðrar tekjur	140	-13	42	56	0
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>598</b>	<b>4.746</b>	<b>13.945</b>	<b>13.396</b>	<b>6.928</b>
Rekstrargjöld	-3.749	-2.595	-2.806	-2.412	-2.558
Virðisrýmun	0	0	1	0	0
<b>Heildargjöld</b>	<b>-3.749</b>	<b>-2.595</b>	<b>-2.805</b>	<b>-2.411</b>	<b>-2.558</b>
<b>Framlegð</b>	<b>-3.151</b>	<b>2.151</b>	<b>11.140</b>	<b>10.985</b>	<b>4.370</b>
Útdeildur kostnaður	-974	-1.159	-890	-1.163	-1.034
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>-4.124</b>	<b>992</b>	<b>10.249</b>	<b>9.822</b>	<b>3.336</b>

### Fjárstýring

Starfsemi Fjárstýringar skiptist í fjármögnun bankans, millibankaborð og gjaldeyris- og afleiðuviðskipti.

Tap Fjárstýringar fyrir tekjuskatt nam 5.343 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2007. Rekstrartekjur voru neikvæðar um 3.980 m.kr. sem er lækkun frá þriðja ársfjórðungi 2007 þegar tekjurnar voru neikvæðar um 1.976 m.kr. Skýring lækkunarinnar er aukið gengistap en það nam 11.650 m.kr. á fjórðungnum samanborið við 6.953 m.kr. gengistap á þriðja ársfjórðungi 2007.

Markaðsaðstæður á skuldabréfamörkuðum hafa verið bankanum óhagstæðar. Gengistap í Fjárstýringu á fjórða ársfjórðungi má einkum rekja til þess að í nóvember var gengið frá sölu og endurskipulagningu á stórum hluta þeirra eignatryggðu verðbréfa sem bankinn átti og bar áhættu af og til gangvirðisbreytinga á skuldabréfa- og afleiðustöðum bankans sem eru fyrirtækjaskuldavafningar (e. Corporate Synthetic Obligation / CSO) en stöðutaka bankans í slíkum skuldavafningum nam um 27,5 mö.kr. og eignatryggð skuldabréf (e. asset backed securities) en staða bankans í slíkum eignum nam 24,7 mö.kr. Samanlagt tap af þessu eignum nam 11,5 mö.kr. á fjórða ársfjórðungi 2007

Hreinar vaxtatekjur jukust um 44,5% á fjórða ársfjórðungi miðað við þriðja ársfjórðung 2007. Skýringuna má bæði rekja til aukinna innlána, verðbólgu og aukinna vaxtaberandi eigna milli fjórðunga. Heildargjöld námu 808 m.kr. á fjórða ársfjórðungi og drógust saman um 9,3% á frá þriðja ársfjórðungi.



	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006
<i>Milljónir króna</i>					
Hreinar vaxtatekjur	7.946	5.501	4.884	4.428	3.328
Hreinar þóknatekjur	-225	-555	149	-75	262
Gengishagnaður	-11.650	-6.953	1.251	-441	2.828
Aðrar tekjur	-51	31	44	67	23
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>-3.980</b>	<b>-1.976</b>	<b>6.328</b>	<b>3.978</b>	<b>6.441</b>
Rekstrargjöld	-841	-886	-1.386	-875	-937
Virðisrýmun	33	-6	6	0	0
<b>Heildargjöld</b>	<b>-808</b>	<b>-891</b>	<b>-1.380</b>	<b>-875</b>	<b>-938</b>
<b>Framlegð</b>	<b>-4.788</b>	<b>-2.867</b>	<b>4.948</b>	<b>3.103</b>	<b>5.503</b>
Útdeildur kostnaður	-555	-587	-541	-561	-664
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>-5.343</b>	<b>-3.454</b>	<b>4.407</b>	<b>2.541</b>	<b>4.839</b>

### Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf sér meðal annars um að aðstoða fyrirtæki við hlutafjárútböð og veita ráðgjöf við samruna og yfirtökur.

Hagnaður Fyrirtækjaráðgjafar fyrir tekjuskatt nam 848 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2007. Rekstrartekjur námu 3.325 m.kr. en voru 11.422 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2007. Verulegur samdráttur á gengishagnaði var á milli ársfjórðunga og skýrir það að mestu minni hagnað á sviðinu samanborið við þriðja ársfjórðung. Hreinar þóknatekjur námu 2.268 m.kr. á fjórðungnum og drógust saman um 46,0% á milli ársfjórðunga og skýrist lækkunin af óhagstæðum markaðsaðstæðum. Heildargjöld námu 2.105 m.kr. og hækkuðu um 459 m.kr. frá þriðja ársfjórðungi. Þessi hækkun skýrist einkum af auknum rekstrarkostnaði vegna fjölgunar starfsmanna á sviðinu og afkomutengdum launagreiðslum í tengslum við auknar þóknatekjur á árinu og afkomutengdum ákvæðum í ráðningasamningum.

	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006
<i>Milljónir króna</i>					
Hreinar vaxtatekjur	-327	-655	-950	-1.095	-914
Hreinar þóknatekjur	2.268	4.196	3.767	3.483	3.792
Gengishagnaður	1.362	7.711	1.671	3.980	4.592
Aðrar tekjur	22	170	-34	65	7
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>3.325</b>	<b>11.422</b>	<b>4.454</b>	<b>6.433</b>	<b>7.477</b>
Rekstrargjöld	-2.080	-1.646	-1.140	-708	-1.310
Virðisrýmun	-24	0	0	0	4
<b>Heildargjöld</b>	<b>-2.105</b>	<b>-1.646</b>	<b>-1.140</b>	<b>-707</b>	<b>-1.306</b>
<b>Framlegð</b>	<b>1.221</b>	<b>9.776</b>	<b>3.314</b>	<b>5.726</b>	<b>6.171</b>
Útdeildur kostnaður	-372	-440	-351	-432	-123
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>848</b>	<b>9.336</b>	<b>2.963</b>	<b>5.294</b>	<b>6.048</b>

### Eignastýring og einkabankþjónusta

Starfsemi Eignastýringar og einkabankþjónustu skiptist í fjóra meginþætti: Sjóðastýringu, einkabankþjónustu, eignastýringu fyrir fagfjárfesta og þjónustu fyrir fagfjárfesta.

Hagnaður Eignastýringar og einkabankþjónustu fyrir tekjuskatt nam 951 m.kr. á fjórða ársfjórðungi. Rekstrartekjur sviðsins námu 4.445 m.kr. og jukust þær um 14,1% frá þriðja ársfjórðungi. Hreinar þóknatekjur námu 4.067 m.kr. og jukust um 25,3% frá þriðja ársfjórðungi 2007 einkum vegna árangurstengdra þóknana í árslok. Heildargjöld námu 2.345 m.kr. og jukust um 21,6% á milli ársfjórðunga.

Fjármunir í vörslu bankans námu 2.277 mö.kr. 31. desember 2007 og jukust um 16,6% á árinu. Eignir í stýringu námu 1.557 mö.kr. þann 31. desember 2007 og jukust um 11,0% á árinu (22,2% án gengisáhrifa).

	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.
<i>Milljónir króna</i>	2007	2007	2007	2007	2006
Hreinar vaxtatekjur	263	389	208	324	254
Hreinar þóknatekjur	4.067	3.245	3.075	3.414	3.221
Gengishagnaður	40	119	123	28	110
Aðrar tekjur	76	143	-135	81	605
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>4.445</b>	<b>3.896</b>	<b>3.271</b>	<b>3.847</b>	<b>4.190</b>
Rekstrargjöld	-2.345	-1.928	-1.672	-2.002	-2.037
Virðisrymun	0	0	0	0	0
<b>Heildargjöld</b>	<b>-2.345</b>	<b>-1.928</b>	<b>-1.672</b>	<b>-2.002</b>	<b>-2.037</b>
<b>Framlegð</b>	<b>2.100</b>	<b>1.968</b>	<b>1.599</b>	<b>1.845</b>	<b>2.153</b>
Útdeildur kostnaður	-1.149	-971	-935	-1.070	-823
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>951</b>	<b>997</b>	<b>663</b>	<b>775</b>	<b>1.330</b>

## Helstu atburðir á fjórða ársfjórðungi

### Kaupping kaupir aflandsinnlánaafyrirtæki á Mön

Kaupping keypti allt útgefið hlutafé í aflandsinnlánaafyrirtækinu The Derbyshire (Isle of Man) Limited ("Derbyshire Offshore") af Derbyshire Building Society ("Derbyshire") í nóvember síðastliðnum. Derbyshire Offshore var sérhæft fyrirtæki sem bauð sérsniðna innlánsreikninga handa almennum viðskiptavinum og fyrirtækjum. Derbyshire Offshore hefur nú verið sameinað núverandi starfsemi Kauppings á Mön. Kaupin hafa óveruleg áhrif á rekstur bankans.

### Kaupthing Bank Luxembourg kaupir Robeco Bank Belgium

Kaupthing Bank Luxembourg S.A., dótturfélag Kauppings banka hf., keypti belgíska bankann Robeco Bank Belgium (nú Kaupthing Bank Belgium). Robeco Bank Belgium, sem stofnaður var árið 2002, er lítill belgískur banki sem einkum sérhæfir sig í einkabankaþjónustu og eignastýringu. Starfsmenn bankans voru 32 í lok ársins en starfsemin fer fram í Brussel og Antwerpen. Yfirtakan mun hafa óveruleg áhrif á rekstur Kaupthing Bank Luxembourg.

### Kaupping selur starfsemi sína í Færeyjum

Kaupping seldi starfsemi sína í Færeyjum til Eik Banki P/F. Eik Banki tók yfir starfsemi Kauppings í Færeyjum þann 31. desember 2007. Starfsemi Kauppings í Færeyjum, sem hófst árið 2000, snérist einkum um miðlun verðbréfa, eignastýringu, útlán og aðra hefðbundna fjárfestingarbankastarfsemi. Hjá Kauppingi í Færeyjum störfuðu 30 manns. Eik Banki greiddi fyrir starfseminna með reiðufé og yfirtók innlán Kauppings í Færeyjum sem og megnið af þeim lánum sem bankinn hafði veitt þar.

### Útibú í Finnlandi

Kaupping hefur nú flutt alla starfsemi dótturfélags síns í Finnlandi, Kaupthing Bank Oyj, yfir í útibú bankans í Finnlandi, í kjölfar millilandasamruna sem tók gildi þann 31. desember síðastliðinn.

## Helstu atburðir á fyrsta ársfjórðungi 2008

### Kaupping banki og seljendur NIBC ákveða að falla frá fyrirhugaðri yfirtöku á NIBC

Í ljósi þess óróleika sem nú er á fjármálamörkuðum tilkynntu Kaupping banki og eigendur NIBC (hópur undir forystu JC Flowers & Co LLC), að þeir hefðu ákveðið að falla frá fyrirhugaðari yfirtöku Kauppings banka á NIBC. Umsóknir um samþykki eftirlitsaðila vegna kaupanna voru dregnar til baka og kaupsamningurinn felldur niður.

Í ljósi þessa mun ekkert verða af áformaðri hlutafjárukningu Kauppings, sem fyrirhuguð var nú á fyrsta ársfjórðungi 2008.

## Fjármögnun og láns hæfi

### Áhersla á innlán viðskiptavina

Innlán námu 1.381,5 mö.kr. 31. desember 2007 og jukust um 630,8 ma.kr. á árinu eða sem nemur 84,0%. Frá ársbyrjun 2007 var mikil áhersla lögð á aukningu innlána viðskiptavina bankans. Bankinn setti sér þá það markmið að hækka hlutfall innlána sem hlutfall af heildarútlánum til viðskiptavina úr 30% í 40% innan átján mánaða. Þetta markmið náðist mun fyrr en áætlað var og við lok árs 2007 var hlutfallið 42%. Ástæðan felst í nýlegri yfirtöku á Robeco Bank í Belgíu (nú Kaupthing Bank Belgium) og Derbyshire Offshore á eyjunni Mön, ásamt góðri byrjun á internet banka í Noregi auk þess sem Kaupthing Edge í Finnlandi og Svíþjóð hefur farið vel af stað.

### Fjölbreyttari fjármögnun á skuldabréfamarkaði

Kaupping hefur haldið áfram á þeirri braut að auka fjölbreytni í fjármögnunarleiðum, með frekari útgáfum á hefðbundnum mörkuðum ásamt útgáfum á nýjum mörkuðum. Þrátt fyrir erfiðleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum á seinni hluta ársins 2007, gekk fjármögnun bankans vel á árinu, en bankinn kláraði tólf almenn skuldabréfaútböð, auk 104 annarra langtíma fjármögnunarsamninga. Vaxtakjör vegna nýrrar fjármögnunar bankans lækkuðu frá árinu 2006. Á almennum markaði gaf bankinn meðal annars út víkjandi skuldabréf af Eiginfjárbætti A (Tier 1) í Evrópu og Asíu, auk þess sem hefðbundin skuldabréf voru gefin út í Evrópu, Japan, Kanada og Mexíkó, einnig var lokið við tvö sambankalán í lok ársins. FIH í Danmörku sótti sér einnig fé á almennum markaði með útgáfu í pundum og evrum.

Í heild nam langtímafjármögnun ársins 747 milljörðum króna en til samanburðar eru einungis 326 milljarðar af langtímaskuldum á gjalddaga hjá samstæðunni á árinu 2008. Kaupping hélt áfram að lengja tímalengd útistandandi skulda með áherslu á útgáfur til lengri tíma. Meðal tímalengd nýrra skuldabréfaútgáfa var 4 ár auk tveggja víkjandi skuldabréfa sem eru án gjalddaga.

### Traust lausafjárstaða

Helsti lausafjármælikvarði Kaupplings er tryggt lausafé (e. secured liquidity). Mælikvarðinn samanstendur af peningalegum eignum, endurhverfanlegu skuldabréfasafni og öðrum tryggjum línunum.

Stefna bankans er að eiga nægjanlegt tryggt lausafé til að geta staðið skil á öllum skuldbindingum næstu 360 daga án þess að þurfa að sækja fjármagn á markaði. Í árslok 2007 var tryggt lausafé Kaupplings 1.232 milljarðar króna (13.445 milljónir evra), nægjanlegt til að greiða allar útistandandi skuldbindingar í meira en 440 daga.

### Lánshæfiseinkunnir

Kaupping hefur sem fyrr sterkt lánshæfismat hjá Moody's, Fitch og R&I. Moody's hækkaði lánshæfismat Kaupplings á árinu en langtímaeinkunn bankans var hækkuð úr A1 í Aa3. Fitch staðfesti lánshæfismat Kaupplings, langtímaeinkunnina A. R&I gaf bankanum langtímaeinkunnina A+ síðastliðið vor. Hins vegar tóku öll láns mats fyrirtækin langtímaeinkunnir bankans til endurskoðunar síðastliðið haust, í kjölfar tilkynningarinnar um fyrirhugaða yfirtöku Kaupplings á hollenska bankanum NIBC.

### Horfur

Megináhersla í rekstri Kaupplings árið 2008 verður að halda áfram samþættingu starfsemi bankans á milli landa og treysta arðsemi hvernar starfseiningar fyrir sig og sjá til þess að þær standi undir arðsemismarkmiðum bankans. Jafnframt verður mikil áhersla lögð á að auka hlutdeild innlána í fjármögnun bankans.

Í ljósi markaðsaðstæðna má gera ráð fyrir að draga muni úr vexti útlána og efnahags bankans á árinu 2008 miðað við árið 2007. Lausafjárstaða bankans er góð og á bankinn laust fé til 440 daga. Þetta mælir þann tíma sem bankinn getur staðið skil á öllum fjárskuldbindingum án þess að sækja sér frekara fjármagn.

Þá hefur kostnaðaraðhald verið hert í bankanum og má gera ráð fyrir að slíkt muni sjást í rekstrartölum bankans strax á fyrsta ársfjórðungi. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi á næstunni hjá bankanum en á árinu 2007 fjölgaði starfsmönnum bankans um 615 eða 22,6%.

Þrátt fyrir að rekstur Kaupplings hafi gengið í heild vel á árinu 2007 hafði óhagstætt ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum töluverð áhrif á rekstur bankans á síðari hluta ársins. Til að koma í veg fyrir og eða draga úr mögulegum niðurfærslum, líkt og þeim sem þegar hafa komið fram, hefur bankinn dregið mjög úr stöðum sínum í afleiðusamningum skuldabréfaeigna og eignavarðra verðbréfa.

Stjórn bankans ákvað í október síðastliðnum að breyta starfrækslugjaldmiðli bankans í evrur. Umsóknin er nú til meðferðar hjá fjármálaráðherra, en hann hefur úrskurðarvald um ósk bankans í þessum efnum.

Á árinu 2007 hækkaði hlutfall innlána af heildar útlánum til viðskiptavina úr 30% í 42%. Stefna stjórnenda bankans er að vægi innlána fari yfir 50% á árinu 2008. Einn liður í aukningu innlána er uppsetning innlánabanka á netinu, Kaupthing Edge. Kaupthing reið á vaðið með opnun Kaupthing Edge í Finnlandi og í Svíþjóð á fjórða ársfjórðungi 2007. Í janúar opnaði Kaupthing svo Kaupthing Edge í Noregi, Bretlandi og í Belgíu en markmiðið er að opna í fleiri löndum eftir því sem liður á árið. Viðtökurnar lofa góðu.

Arðsemi eigin fjár nam 23,5% á árinu 2007 en yfirlýst markmið bankans er að ná 15% arðsemi á eigið fé á ári til lengri tíma. Ekki er ástæða til að ætla annað en að það markmið náist á árinu 2008. Hafa verður þó í huga að rekstur banka eins og Kaupplings er háður óvissu, svo sem þróun fjármálamarkaða og ýmsum öðrum þáttum sem ekki eru á valdi bankans.

## Fimm ára pro forma yfirlit

### Rekstrarreikningur

<i>Milljónir króna</i>	2007	2006	2005	2004	2003
Hreinar vaxtatekjur	80.113	52.362	32.710	18.259	10.124
Aðrar rekstrartekjur	85.705	114.854	69.488	31.687	21.656
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>165.818</b>	<b>167.216</b>	<b>102.198</b>	<b>49.946</b>	<b>31.780</b>
Önnur rekstrargjöld	-78.812	-60.006	-35.524	-23.625	-18.493
Virðisrýrnun	-6.098	-6.127	-4.389	-3.825	-3.894
Tekjuskattur	-9.716	-14.636	-11.228	-4.237	-1.486
<b>Hagnaður eftir tekjuskatt</b>	<b>71.192</b>	<b>86.447</b>	<b>51.056</b>	<b>18.258</b>	<b>7.907</b>
Hagnaður hluthafa	70.021	85.302	49.260	17.707	7.520
Hlutdeild minnihluta	1.171	1.145	1.796	552	387

### Efnahagsreikningur

<i>Milljónir króna</i>	31.12.2007	2006	2005	2004	2003
<b>Eignir</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	97.959	106.961	34.877	6.290	-
Kröfur á lánastofnanir	588.441	485.334	195.594	174.310	-
Lán til viðskiptamanna	3.304.408	2.538.609	1.543.700	980.107	-
Skuldabréf á gangvirkri	367.350	318.264	390.575	202.934	-
Hlutabréf á gangvirkri	160.797	159.020	114.355	86.122	-
Afleiðusamningar	134.856	65.454	21.047	13.085	-
Samningar vegna áhættuvarna	22.503	6.453	4.459	3.820	-
Verðbréf á móti samningum	159.949	115.938	82.098	0	-
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	83.831	5.304	13.888	3.649	-
Óefnislegar eignir	66.774	68.301	54.943	35.098	-
Fjárfestingarfasteignir	28.155	31.584	24.156	19.155	-
Rekstrarfjármunir	32.714	30.466	22.433	6.092	-
Skatteign	6.899	5.834	5.004	1.092	-
Aðrar eignir	292.708	117.874	33.682	22.700	-
<b>Eignir samtals</b>	<b>5.347.345</b>	<b>4.055.396</b>	<b>2.540.811</b>	<b>1.554.453</b>	<b>558.569</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>					
Innlán	1.381.457	750.657	486.176	202.193	182.497
Víkjandi lán	267.289	216.030	102.688	57.623	10.704
Aðrar skuldir	3.342.169	2.753.816	1.749.436	1.135.728	308.837
Hlutdeild minnihluta	10.823	11.382	8.329	9.539	10.603
Eigið fé	345.607	323.510	194.183	149.370	45.928
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>	<b>5.347.345</b>	<b>4.055.396</b>	<b>2.540.811</b>	<b>1.554.453</b>	<b>558.569</b>
<b>Lykiltölur</b>					
Kostnaðarhlutfall	47,5%	35,9%	34,8%	47,3%	58,2%
Arðsemi eigin fjár hluthafa	23,5%	42,4%	34,0%	25,5%	23,0%
Virðisrýrnun/heildarútlán	0,2%	0,2%	0,2%	0,4%	1,1%
Afskriftareikningur/útlán og ábyrgðir	0,6%	0,6%	0,7%	1,4%	2,4%
V/H hlutfall	9,2	6,6	9,9	12,4	12,2
Hagnaður á hlut	95,2	127,1	75,2	35,6	18,5
Hagnaður á hlut, útbýnntur	93,3	123,4	73,9	35,1	18,4
Meðalfjöldi hluta, milljónir	736	671	655	497	406
Meðalfjöldi hluta, útbýnnt, milljónir	751	691	666	505	411
Fjöldi hluta í lok tímabils, milljónir	737	732	664	652	438
Fjöldi hluta í lok tímabils, útbýnnt, milljónir	751	752	675	660	443
Verð á hlut í lok tímabils	880	841	746	442	225

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

## Endurskoðun

Ársuppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum bankans.

## Kynningarfundur í Reykjavík

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 8.30 í höfuðstöðvum Kaupþings að Borgartúni 19, Reykjavík. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, mun kynna afkomu bankans og svara spurningum. Mögulegt er að fylgjast með fundinum í rauntíma á vef bankans, [www.kaupthing.com/ir](http://www.kaupthing.com/ir). Einnig er hægt að hringja í númerin (Bretland) + 44 (0) 203 043 24 36, (Bandaríkin) +1 866 458 40 87 og (Svíþjóð) +46 (0)8 505 598 53 til að taka þátt í fundinum og leggja fram spurningar. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að fundinum loknum á vefjum Kaupþings, [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com) og [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), vef OMX Norrænu kauphallarinnar á Íslandi [www.omxgroup.com](http://www.omxgroup.com) og á [www.huginonline.com](http://www.huginonline.com).

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs, í síma 444-6112 og Ólöf Hildur Pálsdóttir, Fjárfestatengslum í síma 444-6569 ([ir@kaupthing.net](mailto:ir@kaupthing.net)). Upplýsingar um Kaupþing er einnig hægt að nálgast á heimasíðum bankans [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is) og [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com)

## Næstu uppgjör Kaupþings banka hf.

30. apríl	Árshlutareikningur 1. ársfjórðungur
31. júlí	Árshlutareikningur 2. ársfjórðungur
30. október	Árshlutareikningur 3. ársfjórðungur

*Kaupþing banki hf. veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er í forystu á nær öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar en auk Íslands eru mikilvægustu markaðssvæði bankans Bretland og Danmörk. Kaupþing banki hf. leggur áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi sinnar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fyrirtækja- og fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu.*

*Kaupþing banki hf. er með starfsemi í þrettán löndum og eru höfuðstöðvar bankans í Reykjavík. Helstu dótturfélög bankans eru FIH Erhvervsbank í Danmörku, Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi, Kaupthing Bank Sverige, Kaupthing Bank Luxembourg og Norvestia Oyj í Finnlandi, Kaupthing New York, Kaupthing Asset Management í Sviss og Kaupthing Norge. Þá er bankinn með útibú í Finnlandi, í Dubai og í Katar. Þann 31. desember 2007 voru 3.334 stöðuigildi hjá samstæðunni.*